

Nr. 19-014 S 010 Þórsnes SH 109***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr.: 2936
 Útgerð: Þórsnes ehf.
 Smíðaður: Solstrand AS Noregi
 Stærð: 879,92 bt.
 Mesta lengd: 43,32 m Skráð lengd: 38,39 m
 Breidd: 10,50 m Dýpt: 7,10 m
 Vél: Caterpillar, 749 kw, 1996
 Fjöldi skipverja: 16



Þórsnes ©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 1. október 2018 var Þórsnes SH 109 við bryggju á Hólmavík. Veður: N 6 -7 m/sek.

Skipverji var á leið af bryggjunni inn um síðulúgu á skipinu þegar honum skrikaði fótur og féll aftur fyrir sig. Við það lenti hann með bakið á bryggjukantinum og féll síðan í sjóinn á milli skips og bryggju. Eftir skoðun hjá lækni var hann fluttur með þyrlu til Reykjavíkur. Skipverjinn rifbeins- og hryggbrotnaði við fallið.

Við rannsókn kom fram:


- að slasaði komst án aðstoðar upp stiga á bryggjunni og síðan um borð;
- að slasaði taldi að lifraúrgangur hafi verið á lúgukarminum sem varð þess valdandi að hann rann til og féll;
- að skipið var nýlega komið að bryggju og búið að setja landfestar en ekki landgang;
- að landgangur var um borð og fram kom að hann væri alltaf notaður í landlegu.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til þess að ekki var notaður landgangur.



Lúguopið á skipinu



Séð niður milli skips og bryggju